

**Fundur haldinn í Menningarráði Norðurlands vestra,  
á Skagaströnd, þriðjudaginn 27. september 2011, kl. 13.00**

Mætt voru: Björg Baldursdóttir formaður, Bjarni Jónsson, Guðný Kjartansdóttir, Þóra Sverrisdóttir, Ragnar Smári Helgason og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi. Formaður setti fund og stjórnaði honum.

**Dagskrá:**

**1. Úthlutun verkefnastyrkja**

Umsóknarfrestur um verkefnastyrki rann út 15. september sl. Fyrir fundinum lágu 45 umsóknir þar sem sótt var um 25,5 milljónir í verkefnastyrki. Menningarráð samþykkti að veita styrki til 35 aðila, alls að upphæð 9 milljónir kr. Við afgreiðslu einstakra umsókna var fylgt lögum um vanhæfi nefndarmanna.

**2. Úthlutunarhátíð**

Samþykkt var að úthlutun verkefnastyrkja fari fram fimmtudaginn 20. október, kl. 17.30, í Selasetrinu á Hvammstanga.

**3. Endurskoðun á „Samstarfssamningi sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um menningarmál“.**

Fyrir fundinum lá tillaga að samningi fyrir árin 2011-2013. Menningarráð samþykkti samninginn fyrir sitt leyti en hann verður síðan sendur sveitarfélögunum á Norðurlandi vestra til staðfestingar.

**4. Önnur mál**

Almennar umræður urðu um menningarmál og menningarstefnu, möguleika á erlendu samstarfi og hlutverk menningarráðs í þessu sambandi.

Þar sem fjármagn til verkefnastyrkja hefur dregist saman stefnir menningarráð að því að á næsta ári verði ein úthlutun verkefnastyrkja og fari hún fram fyrri hluta ársins.

Ingibergur kynnti ráðstefnu um menningarmál sem haldin verður í St. Johns í Kanada 13.-15. okt. nk. Ráðstefnan er á vegum North Atlantic Forum og ber yfirskriftina; Culture, Place & Identity at the Heart of Regional Development. Sex af sjö menningarfulltrúum landshlutanna munu sækja þessa ráðstefnu.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 18.15.

Ingibergur Guðmundsson

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.  
This page will not be added after purchasing Win2PDF.